

Kópavogi, 19. mars 2024

Kæru foreldrar/forsjáraðilar nemenda í 10. bekk.

Nú eru stór og spennandi tímamót fram undan í lífi barna ykkar því innritun í framhaldsskóla er handan við hornið. Með þessu bréfi viljum við upplýsa foreldra/forsjáraðila nemenda í 10. bekk um framkvæmd innritunar nýnema í framhaldsskóla næsta haust en hún fer fram í gegnum vefsíðuna [innritun.is](http://innritun.is). Þar sem nemendur í 10. bekk eru ólögráða er samþykki þeirra aðila sem fara með forræði barns áskilið við innritun í framhaldsskóla. Staðfesting á rafrænni umsókn berst þó ekki þeim aðilum en Miðstöð menntunar og skólalþjónustu lítur svo á að með því að upplýsa um fyrirkomulag innritunar sé tryggt að foreldrar/forsjáraðilar fylgist með innritun barna sinna.

## Umsóknarferlið

Sótt er um framhaldsskóla í gegnum vefinn [innritun.is](http://innritun.is). Þar má líka finna ýmsar gagnlegar og áhugaverðar upplýsingar varðandi áframhaldandi nám. Við hvetjum nemendur til að kynna sér efni síðunnar vel áður en umsókn er send inn.

Við hvetjum nemendur eindregið til að skoða inntökuskilyrði þeirra skóla sem þau hafa áhuga á áður en sótt er um. Inntökuskilyrðin má sjá á heimasíðu viðkomandi skóla.

Fyrir innritun fær nemandi kynningarbréf sem m.a. inniheldur veflykil sem er notaður til að sækja um framhaldsskóla í gegnum [innritun.is](http://innritun.is). Ef veflykill týnist getur nemandi og/eða forsjáraðili nálgast hann með rafrænum skilríkjum inni á [innritun.is](http://innritun.is). Einnig er hægt að biðja um frekari upplýsingar og aðstoð varðandi veflykla í gegnum netfangið [innritun@mms.is](mailto:innritun@mms.is).

Þegar nemandi hefur ákveðið hvaða skóla á að sækja á um er smellt á **Sækja um**. Þá opnast innskráningargluggi þar sem nemandi slær inn kennitölu og veflykil áður en smellt er á **Innskráning**.

Þá birtist upplýsingatexti á skjánum sem rétt er að kynna sér vel áður en haldið er áfram og smellt á **Umsókn**, ofarlega til vinstri á síðunni. Þá kemur upp síða með valmöguleikanum **Smelltu hér til að nýskrá umsókn** og þegar það hefur verið gert er hægt að hefjast handa við að fylla út umsóknina sjálfa. Ef spurningar vakna

Í umsóknarferlinu er hægt að smella á spurningamerkið ? og þá birtast frekari leiðbeiningar.

## Umsóknarfrestur

Innritun í framhaldsskóla stendur yfir frá **20. mars, til og með 7. júní 2023**. Nemendur sækja um tvo skóla og velja sér jafnframt tvær námsbrautir innan hvors skóla (fyrsta val og annað til vara). Fram til 7. júní 2024 geta nemendur breytt umsókn sinni. Það getur verið heldur vegna þess að nemandi hafi skipt um skoðun eða meti það svo að standast ekki inntökuskilyrði á þær námsbrautir sem sótt var um.

Þegar grunnskólum hefur verið slitið í vor flytjast skólaeinkunnir (lokavitnisburður) nemenda rafrænt til þeirra skóla sem þeir sóttu um hjá. Umsækjendur geta séð námsferil sinn inni í umsókn sinni um framhaldsskóla á [innritun.is](http://innritun.is) eftir 7. júní. Við hvetjum nemendur eindregið til að yfirfara einkunnir sínar í umsókninni eftir að þær hafa verið færðar inn frá skólunum til að hægt sé að leiðrétta rangar skráningar.

## Fylgiskjöl með umsóknum

Það þarf **ekki** að senda afrit af prófskírteinum með umsókn. Vottorð eða sérstakar upplýsingar, t.d. um sértæka námsörðugleika, námsferil úr erlendum skólum og sértækum skólum, geta nemendur látið fylgja með umsókn sem viðhengi. Einnig má senda slík gögn til viðkomandi skóla með pósti eða biðja viðkomandi grunnskóla um að senda þau. Greiningargögn á ekki að senda með umsóknum.

## Vegna grunnskólanáms erlendis

Ef nemandi hefur lokið grunnskólanámi erlendis eða stundað sambærilegt nám þar, er best að hafa samband beint við þann framhaldsskóla sem nemandi sækir um hjá. Nöfn þeirra sem sjá um innritun í hverjum framhaldsskóla má sjá á heimasíðum skólanna. Ef útskriftarskírteini og upplýsingum frá grunnskóla í umsókninni á vefnum ber ekki saman skal hafa samband við okkur í síma 514 7500 eða í netfangið [innritun@mms.is](mailto:innritun@mms.is).

## Afgreiðsla umsókna

Eftir að innritun lokar kl. 23:59, þann 7. júní, er ekki hægt að breyta umsókn.

Framhaldsskólar velja inn nemendur eftir fyrirfram mótuðum viðmiðum sem lögð eru til grundvallar við innritun. Hver og einn skóli raðar umsækjendum út frá þeim viðmiðum sem viðkomandi skóli hefur sett. Skólavist ræðst af vali umsækjenda og samþykki skóla

Fái umsækjandi skólavist í hvorugum þeirra skóla sem sótt var um sér Miðstöð menntunar og skólaþjónustu um að tryggja viðkomandi skólavist. Stefnt er að því að allir hafi fengið skólavist fyrir lok júní 2024. Umsækjendur geta einnig séð stöðuna með því að opna umsóknina sína á [innritun.is](http://innritun.is).

Framhaldsskólinn sem samþykkir umsókn nemanda sendir greiðsluseðil fyrir innritunargjaldi á lögheimili eða í heimabanka forsjáraðila. Hver skóli gefur ákveðinn greiðslufrest og ef gjaldið er ekki greitt á réttum tíma er litið svo á að nemandi ætli ekki að þiggja skólavist á haustönn 2024. Skólinn getur þá boðið öðrum nemanda plássið í staðinn.

Skólameistari hvers framhaldsskóla ber ábyrgð á að afgreiðsla umsókna sé í samræmi við kröfur um undirbúning sem skólinn gerir, svo og verklagsreglur ráðuneytisins. Skólameistara ber að rökstyðja ákvörðun skóla ef umsækjandi óskar eftir því. Heimilt er að kæra synjun umsóknar til ráðuneytisins ef umsækjandi unir ekki skýringu skólameistara.

### Vantar frekari aðstoð?

- Þú finnur allar helstu upplýsingar um innritun á vefnum *innritun.is*
- Þú getur líka sent okkur spurningar á netfangið *innritun@mms.is*
- Við tökum líka glaðbeitt við símtölum í 514-7500 alla virka daga, frá kl 9-15.

Athugið að hægt er að sækja um og breyta umsóknum á tímabilinu **20. mars til og með 7. júní**. Áriðandi er að nemandi visti allar breytingar og staðfesti umsókn.

Með kærri kveðju,

